

HÉR SKAL NEMA LAND!

Einstaklings-
eða para-
verkefni

Settu þig í spor **Unnar djúpúðgu** og komdu að landi á nánast óbyggðu Íslandi. Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú nemur land með tilliti til matar, húsaskjóls og öryggis?

1. Teiknaðu mynd af langhúsinu sem þú ætlar að búa í og listaðu niður þá hluti sem þú þarft til að lifa af.
2. Hvar á landinu er best að búa? Rökstyddu svar þitt.
3. Hvernig ætlar þú að lifa af?
4. Hvernig er gróðurfar og landslag þar sem bærinn þinn verður? Lýstu ítarlega.
5. Búðu til kort af ferðalagi Unnar djúpúðgu frá Noregi alla leið vestur í Dali. Hægt er að nota dæmis Google Maps eða Google Earth.

Afurð: veggspjald, Minecraft eða annað með samþykki kennara.


Viðmið um árangur:

- Ég get fundið upplýsingar um gerð langhúsa.
- Ég get hannað mitt eigið langhús.
- Ég get unnið með kort.
- Ég get teiknað leið inn á kort.

Hæfniviðmið:

Að nemandi: geti

- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér.
- Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni.
- nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.



Þú getur hlustað á viðtalsþátt Ormstungna við fornleifafræðinginn Völu Garðarsdóttur þar sem fjallað er um landnám Íslendinga þér til innblástrar.